

Læknisskoðun.

12. gr.

Starfsmenn sem vinna við notkun eða meðferð asbests skulu gangast undir læknisskoðun samkvæmt nánari ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins sbr. 67. gr. laga nr. 46/1980.

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 33., 38., 40., 50., 51., 67. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast gildi 1. september 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. janúar 1984 er heimilt að nota asbest og asbestvörur sem fluttar eru til landsins fyrir 1. september 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

22. febrúar 1983

Nr. 76

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknnum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 64 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 64 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 64 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf t. gjald, þ. e. a. s. kr. 32 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. mars 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 83/1982 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.